



Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Reykjavík, 20. maí 2016

Tilvísun: 201603049/3.2

Efni: Lýsing - Hella, verslunar- og þjónustusvæði

Rangárþing ytra hefur, með erindi dags. 19. apríl 2016, óskað að nýju eftir umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Unnið er að tillögu þar sem gert verður ráð fyrir að athafnasvæði (A5), iðnaðarsvæði (I3) og hluti af opnu svæði til sérstakra nota (O7) verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði.

Skipulagsstofnun gerði athugasemdir við lýsinguna sbr. bréf dags. 31. mars 2016 og í nýrri lýsingu er brugðist við því að nokkru leyti.

Í skipulagstillögunni þarf að gera betur grein fyrir forsendum skipulagstillögunnar, svo sem þörf á fyrirhuguðu verslunar- og þjónustuhúsnæði og umfangi þess. Setja þarf fyrirhuguð skipulagsáform í samhengi við þegar skipulögð en óbyggð verslunar- og þjónustusvæði og einnig í samhengi við framtíðarhorfur í málafloknum og byggðapróun almennt í þéttbýlinu.

Gera þarf grein fyrir hvernig tillagan tekur mið af Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og á það sérstaklega við um búsetumynstur og dreifingu byggðar.

Huga þarf að skilyrðum eða leiðbeiningum sem setja þarf frekari deiliskipulagsgerð og framkvæmdum á síðari stigum, svo sem um yfirbragð byggðar og tengsl við önnur verslunar- og þjónustusvæði.

Í tillögunni þarf að koma fram hvenær og hvernig samráði var háttað við almenning og hagsmunaaðila í vinnsluferli tillögunnar.

Í 3. kafla lýsingar segir að „fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki háðar mati á umhverfisáhrifum“ og er þar vísað í lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulag nær til margra þátta og veltur umhverfismat áætlunarinnar ekki á því hvort framkvæmdir sem byggja á skipulaginu falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Tilgangur umhverfismats skipulagstillögu er að upplýsa almenning og þá sem bera ábyrgð á áætluninni um hvaða áhrif tiltekið skipulag getur haft á umhverfið. Meta skal einkenni (líkur, tíðni og varanleika) og vægi (jákvæð, neikvæð) umhverfisbreytinga/-áhrifa og upplýsa hvernig unnt er að koma í veg fyrir eða draga úr verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Í umhverfismati tillögunnar þarf að vera skýrt hvaða áhrif einstakir þættir tillögunnar og tillagan í heild hefur á tilgreinda umhverfisþætti auk þess sem rökstyðja þarf vægismat einkenna.

Í 2. kafla kemur fram að áfram verði gert ráð fyrir rúmgóðu tjaldsvæði. Ekki kemur fram hversu stórt það verður en Skipulagstofnun bendir á liði 12.06 og 12.07 í viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin bendir einnig á lið 13.02 sem nær til breytinga og viðbóta við framkvæmdir sem hafa þegar verið leyfðar.



Ólafur Brynjar Halldórsson